

FUNDARGERÐ

BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

589. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 9. mars 2009 kl. 10:00 í fundarsal Ráðhúss.

Dagskrá:


1. Viðræður við Sigríði Tryggvadóttur, forstöðumann bóka- og skjalasafns.
2. Viðræður við fulltrúa Húnaþings vestra í stjórn Vaxtarsamnings Norðurlands vestra.
3. Bréf Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Áætlun um úthlutun framlaga 2009.
4. Bréf Forsætisráðuneytisins.
5. 561. fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Afgreiðslur:

1. Sigríður Tryggvadóttir, forstöðumaður Bóka- og skjalasafns Húnaþings vestra er mætt til viðræðna við byggðarráð. Greindi hún frá því að safnið hyggist gera könnun á gögnum úr dánarbúi Jakobs H. Líndal, jarðfræðings frá Lækjamóti í Víðidal. Sigríður upplýsti að Landsvirkjun hafi veitt safninu fjárstyrk til að gera úttekt á möguleikum á stofnun Jakobsstofu við Bóka- og skjalasafn Húnaþings vestra.
2. Guðmundur H. Sigurðsson og Hrafnhildur Víglundsdóttir, fulltrúar Húnaþings vestra í stjórn Vaxtarsamnings Norðurlands vestra og Jón Óskar Pétursson framkvæmdastjóri SSNV eru mætt til fundar með byggðarráði. Rætt almennt um framkvæmd vaxtarsamningsverkefnisins og einstök verkefni í Húnaþingi vestra sem styrkt hafa verið á grundvelli samningsins. Þá fór Jón Óskar yfir skoðun atvinnupróunar SSNV á möguleikum til vinnslu kalkpörunga í Húnaflóa. Rætt almennt um stöðu atvinnumála í héraði.
3. Fram lagt bréf Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Áætlun um úthlutun framlaga á árinu 2009. Sveitarstjóri lagði fram til samanburðar áætlun Húnaþings vestra um úthlutun framlaga jöfnunarsjóðs og stenst hún í heild sinni.
4. Bréf Forsætisráðuneytisins lagt fram. Í bréfinu er gerð grein fyrir starfi nefndar ráðuneytisins sem ætlað er að gera úttekt á vatns- og jarðhitaréttindum í eigu ríkisins. Sveitarstjóra falið að svara erindinu.
5. Fram lögð til kynningar 561. fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga. Elín R. Líndal kynnti einstök atriði fundargerðarinnar.

Samþykkt að taka á dagskrá.

6. Byggðarráð Húnaþings vestra samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 38 milljónir kr. til 15 ára, í samræmi við samþykktu skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir fundinum. Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 3. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Er lánið tekið til endurfjármögnunar eldri lána hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf., sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006. Jafnframt er Skúla Þórðarsyni, sveitarstjóra, kt. 190164-4389 veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. sveitarstjórnar Húnaþings vestra að undirrita lánsamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.



Elín R. Líndal

7. Byggðarráð samþykkir að veita atvinnuleitendum frían aðgang að sundlaug íþróttamiðstöðvar. Sveitarstjóra falið að koma samþykktinni til framkvæmda. Samþykktin gildir til loka árs 2009.
8. Byggðarráð fór yfir drög að starfsmannastefnu Húnaþings vestra. Samþykkt að vísa starfsmannastefnunni til afgreiðslu sveitarstjórnar.

Heimir Ágústsson vék af fundi kl. 12:00

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Ólafur R. Guðmundsson
Rannveig Rannveigsdóttir

Fundi slitið kl. 12:30

Ólafur Rannveigsson

Áheyrnarfulltrúi:

Ólafur Rannveigsson